

Stjórnarfundur nr. 2

25. júlí 2012 kl. 17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Anna María Flygenring, Björn Ólafsson, Delia K. Howser, Jóna Th. Viðarsdóttir, Ólafur E. Jóhannsson og Valgerður Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri.

1. Erindi frá aðalfundi HRFÍ 23. maí sl. – Breyting á starfsreglum ræktunardeilda

Farið var yfir breytingarnar og borið saman við núverandi reglur. Málið rætt og skipst á skoðunum. Samþykkt var að setja inn í textann upplýsingar sem voru á gátlista sem lagður var fram. Lesa yfir aftur og setja málið aftur á dagskrá næsta fundar. **A-2602**

2. Stofnun ræktunardeildar fyrir siberian husky.

Þeir sem stóðu fyrir stofnun deildarinnar voru ekki búin að kynna sér reglur félagsins og héldu að það væri í lagi að halda fundinn í tengslum við ágústsýninguna. Þau drifu sig í að auglýsa fundinn sem verður haldinn í kvöld kl.20:00.

3. Tillaga til stjórnar HRFÍ frá Ólafi og Deliu sem kynnt var á síðasta fundi.

Umræður fóru fram og skipst var á skoðunum. Ólafur og Delia voru samþykkt tillögu sinni að hafa varamenn virka á stjórnarfundum. Anna, Björn og Jóna vildu fara eftir lögnum og hafa aðeins aðalmenn þar sem þeir taka ekki þátt í kosningu og afgreiðslu mála og því í raun hefðu ekkert erindi inn á fundina. Þannig að tillaga Ólafs og Deliu var felld.

4. Erindi frá PMF-deild varðandi ræktunarkröfur fyrir dobermann

„Ég undirrituð fyrir hönd stjórnar PMF deildar óska eftir því að stjórn HRFÍ sendi áfram eftirfarandi erindi til Vísindaráðs:

Varðandi ræktunarkröfur fyrir Dobermann: eins og þær eru í dag þá er krafa um að undaneldisdýr skuli olnbogamynduð fyrir pörun. Við teljum þessa kröfu hamlandi fyrir framgang tegundarinnar á Íslandi. Rök okkar eru þau að olnbogalos er ekki þekkt vandamál í tegundinni. Upprunaland tegundarinnar, Þýskaland, sem og engin önnur lönd setja olnbogamyndir sem kröfu til undaneldis.

Tegundin er ekki gömul á Íslandi og er stofnstærðin smá. Til að auka fjölbreytni, vöxt og stuðla að ábyrgri ræktun á tegundinni, þá þarf að flytja inn nýja einstaklinga hvort sem er til frambúðar eða láns og er staðreyndin sú að með þessa kröfu inni að þá hamli hún innflutningi.

Vonumst við til að stjórn HRFÍ sem og Vísindaráð taki vel í erindi okkar.

En í dag hljóðar krafan á þessa leið:“

Dobermann

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.12.2000).

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.(Gildir fyrir mjaðmamyndir frá 01.02.2000 og olnbogamyndir frá 01.01.2010).

Greinist hundur með mjaðmalos C, D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.(Gildir frá 01.01.2010).

Lágmarksaldur í mjaðma- og olnbogamyndatöku er 18 mánuðir.

En eftir breytingu myndi hún hljóða svo:

Dobermann

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.12.2000).

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun.(Gildir fyrir mjaðmamyndir frá 01.02.2000).

Greinist hundur með mjaðmalos C, D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók.(Gildir frá 01.01.2010).

Lágmarksaldur undaneldisdýrs fyrir mjaðmamyndatöku er 18 mánuðir.

Samþykkt

5. Erindi frá félagsmanni sem vildi vekja athygli á að Reykjavíkurborg hefur nú birt á netinu útgefin hundaleyfi í Reykjavík:

<http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4772>

Búið að kortleggja í hvaða húsum í Reykjavík hundar eru! <http://gogn.in/>

Viðkomandi félagsmaður hefur áhuga á að vita hug stjórnar varðandi málið og hvort stjórnarmenn ætli að beita sér eitthvað í málinu.

Stjórnarmenn kynntu sér málið og eru sammála um að málið sé ekki þess eðlis að stjórn þurfi að beita sér sérstaklega í því.

6. Vinnu- og veiðipróf

- **Írsk setterdeild – prófnr.501206 – haldið 28.-30. apríl/Mosfellsheiði og Skálafell**

Dómarar voru Jan-Olov Daníels frá Svíþjóð og Egill Bergmann. Prófstjóri var Margrét Kjartansdóttir. Alls 21 hundur var skráður af eftirfarandi tegundum: 8 ensk setter, 4 írsk setter, 4 pointer, 4 vorsteh og 1 weimaraner. **A-2603**

- **FHD – prófnr. 501207 – haldið 23.júní við Hafravatn.**

Dómari á sækiprófinu var Svafar Ragnarsson, prófstjóri Haukur Reynisson og fulltrúi HRFÍ var Egill Bergmann. Alls voru 9 hundar skráðir, 4 í ungh.fl. og 5 í opin fl. **A-2604**

- **Retriverdeild – prófnr.201202 – haldið 28. apríl/ Akranes**

Dómari var Sigurður Magnússon, fulltrúi HRFÍ var Halldór Björnsson og prófstjóri var Sigurmon M. Hreinsson. Alls voru skráðir 16 hundar þ.e. 8 í byrjendafl., 5 í opnum fl. og 3 í úrvalsflokk.

- **Retriverdeild – prófnr.201205 – haldið 23. júní/ Melgerðismelar**

Dómari var Sigurmon M. Hreinsson, prófst. Guðjón P. Sigursson. Alls voru skráðir 18 en 3 mættu ekki. 6 kepptu í byrjendafl. og 12 í opnum fl.

- **Vinnuhundadeild:**

Brons- og hlýðni I - Akureyri 28. apríl - dómari var Albert Steingrímsson, prófst. Fanney Harðardóttir og ritari var Sigurlaug Hauksdóttir. Fjórir hundar voru skráðir í bronsprófið og náðu 2 bronsmerki. Fjórir voru skráðir í hlýðni I og náðu þeir allir silfurmerki.

Bronspróf – 26. maí – dómari var Sigríður Bílddal, prófstjóri var Heiðrún K Johansen, ritarar voru Ingibjörg Friðriksdóttir & Svanhvít Smith. Tveir hundar voru skráðir í prófið og náði einn bronsmerki.

Hlýðni I – 26. maí - dómari var Monika Karlsdóttir, prófstjóri var Sigríður Bílddal og ritarar voru Ingibjörg Friðriksdóttir & Svanhvít Smith. Alls 5 hundar voru skráðir til þátttöku, þrír náðu silfurmerki og tveir höfðu áður fengið. Hundategundir sem tóku þátt voru íslenskur fjárhundur, risaschnauzer, rottweiler bl. og golden retriever.

Spor I og II – 26.-27. maí - felld niður

7. Önnur mál

- **FCI International Drawing Contest 2010-2011- Mynd Atla Þórs E. Kristinssonar valin í forkeppni.**

FCI efndi til myndlistarsamkeppni í tilefni af 100 ára afmæli samtakanna árið 2011.

Viðfangsefnið var Hundurinn! Keppnin var auglýst á vefsíðu HRFÍ 25. janúar 2010. Öllum var heimil þátttaka og keppt var í nokkrum aldursflokkum. Börn á aldrinum 2ja-18 ára frá hinum ýmsu löndum sendu inn myndir í keppnina. Nokkur áhugasöm börn frá Íslandi skiluðu inn myndum til HRFÍ, sem sendi þær til FCI í keppnina. FCI bærust yfir 200 myndir frá 22 löndum.

Dómnefnd FCI valdi 64 myndir úr 13 mismunandi flokkum og voru þær sýndar á

myndlistasýningu í mars-apríl 2011 í Thuin í Belgíu þar sem kosning fór fram um myndirnar.

Þann 8. apríl 2011 fór fram verðlaunaafhending þeirra 9 mynda sem fengu flest stig í keppninni.

Engin mynd frá Íslandi lenti í verðlaunasæti. Nú hefur FCI gefið út bók með þessum 64 myndum

sem valdar voru í forkeppnina. Í bókinni er ein mynd frá Íslandi sem komst í 64 mynda úrslitin.

Þetta er mynd eftir Atla Þór E. Kristinsson, í aldursflokknum: 9-10 ára. Hægt er nálgast nánari

upplýsingar og skoða myndir af sýningunni á vefsíðu FCI undir slóðinni:

http://www.fci.be/conc_dess_10_palmars.aspx

Við óskum Atla Þór E. Kristinssyni innilega til hamingju með myndina sína, sjá hér fyrir neðan. Gaman ef Atli hefði samband við skrifstofu.

 ICELAND



Atli Þór E. Kristinsson - Cat : 9-10 years old

- **Samræming á BSI (Breed Specific Instructions) varðandi ýkt útlit á hundum**

Fundur í Helsinki 27. júní með fulltrúum allra NKU klúbbanna. Tillaga var unnin á fundinum sem verður lögð fyrir næsta NKU fund til samþykktar. SKK gaf HRFÍ þrjá DVD diska á sænsku um hunda með öndunarvandamál vegna ýkts útlits. SKK hefur metið öndunarerfiðleika hjá hundategundum. Á disknum eru útskýrðar afleiðingar og bakgrunnur þeirra hunda sem hafa öndunarerfiðleika. Í myndinni er farið yfir þá þætti sem hafa áhrif á öndun hunda sem dómarar þurfa að vera meðvitaðir um þegar þeir dæma á hundasýningum. SKK hefur sent diskana á alla NKU klúbbana, alla klúbba innan SKK og til dómara sem dæma hjá SKK, þeim til leiðsagnar í þessu átaki og vinnu. Hægt er að sjá efnið á youtube með enskum texta:

http://www.youtube.com/watch?v=kQ_3f4bLkME&feature=em-share_video_user

A-2605

- **Stefnumótunardagur og úrvinnsla**

Samþykkt að fá stefnumótunarteymið á næsta stjórnarfund og fara yfir niðurstöður stefnumótunardagsins. Skoða hvaða mál sitja eftir þannig að hægt sé ljúka þeim verkefnum sem eru ólokin.

Stefnumótunarteymið fundaði í gær og fór yfir lokaþýðingu á dvd disknum „Til hamingju með hvolpinn“ og sendu til VÍS. Teymið vonar að diskurinn verði fljótlega tilbúinn þannig að allir nýir hvolpaeigendur fái diskinn afhentan með ættbókum hvolpa sinna.

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir heimsótti tvo af fjórum leikskólum á Selfossi og afhenti bæklinginn „Sámur komdu..“ en sveitarfélagið Árborg hefur styrkt verkefnið. Björn Ólafsson fór með nokkrum félagsmönnum og hundunum þeirra í heimsókn á leikskóla og frístundaheimili í Reykjavík. Mikil ánægja var með heimsóknina.

- Hugmynd kom að vera með nýtt verklag er varðar uppgjör deildarsýninga, veiði- og vinnuprófa og fleiri viðburða sem haldnir eru á vegum félagsins. Þeir sem sjá um viðkomandi viðburði skili til skrifstofu HRFÍ þessu uppgjori.
- Heiðrun félagsmanna – Ekki til neinar reglur og mikilvægt að setja einhvern ramma til að vinna eftir. Kynna sér reglur SKK varðandi heiðursveitingar.
- Lausaganga hunda – Anna Flygening upplýsti að fjórði papillonhundurinn hefði verið drepinn fyrir stuttu síðan. Laus rottweiler hundur réðist á papillonhundinn sem var í taumi með ungum manni. Fólkið sem er með hundana sína í taumi eru að fara eftir reglum. Mjög sorglegt atvik og

ótrúlegt að eigendur skuli ekki vera með hundana sína í taumi. Stjórn hefur verulegar áhyggjur af lausagöngu hunda og slysum sem þeir valda.

Fundi slitið kl. 20:00

Næsti stjórnarfundur verður 15. ágúst kl. 17:00

Sign: Anna María Flygenring, Björn Ólafsson, Delia K. Howser, Jóna Th. Viðarsdóttir, Ólafur E. Jóhannsson.